

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1398****2022/EES/26/21****frá 4. júní 2021**

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/654 um viðbætur við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar samþykki viðurkenninga sem veittar
eru í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 og 96 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB⁽¹⁾, einkum 24. gr. (11. mgr.), 25 gr. (b- og c-lið 4. mgr.), 34. gr. (c-lið 9. mgr.) og 42. gr. (a-lið 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tæknipjónustu hefur verið falið að annast ákvarðanatöku þegar ekki er unnt að samþykkja tilgreindan stofnhreyfil í hreyflahópi sem dæmigerðan þegar um er að ræða hreyfil sem er knúinn jarðgasi/lífmetani (NG) eða fljótandi jarðolíugasi (LPG), þ.m.t. tvíbrennihreyfil. Að teknu tilliti til heildaráhrifa þeirra ákvarðana á gerðarviðurkenningarferlið ætti sú ákvarðanataka þó að vera á ábyrgð gerðarviðurkenningaryfirvalda.
- 2) Samkvæmt lið 11.4.2.1.4 í 1. viðbæti IV. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654⁽²⁾ er einungis heimilt, eftir að gildi á teljara hefur verið fest, að stilla hann aftur á núll ef engin bilun hefur verið greind í NO_x-varnaránaði á síðastliðnum 40 klukkustundum sem hreyfillinn er í gangi. Í viðeigandi útgáfu reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 er þess hins vegar krafist að engin bilun hafi verið greind í NO_x-varnaránaði á síðastliðnum 36 klukkustundum í stað síðastliðinna 40 klukkustunda sem hreyfillinn er í gangi. Þessi skortur á samræmi kemur í veg fyrir að jafngildi gerðarviðurkenninga, sem veittar eru samkvæmt viðeigandi útgáfu reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, sé samþykkt. Vægari krafa um 36 klukkustundir að lágmarki ætti því að teljast fullnægjandi í þeim tilgangi að veita ESB-gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1628.
- 3) Samkvæmt fimmtu málsgrein 1. liðar í V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/654 getur tæknipjónustan undanþegið vinnupunkta frá hverju sem er af prófunarsvæðum hreyfla til að framkvæma prófunarlotu með stöðugu ástandi utan vega. Að teknu tilliti til heildaráhrifa slíkra ákvarðana á gerðarviðurkenningarferlið þykir þó rétt að krefjast þess að viðurkenningaryfirvöldin samþykki slíkar undanþágur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 299, 24.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar tæknilegar kröfur og almennar kröfur með tilliti til losunarmarka og gerðarviðurkenningar brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega (Stjtið. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 1).

- 4) Losunarmörk, almennar og tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir, sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, röð breytinga 06, og í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 05, eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/1628, að undanskilinni 19. gr. þeirrar reglugerðar. Þar af leiðandi ætti að viðurkenna gerðarviðurkenningar, sem veittar eru í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, röð breytinga 06, og reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 05, sem jafngildar ESB-gerðarviðurkenningum, sem veittar eru, og lögboðinni áletrun sem krafist er í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/1628, svo fremi sem viðurkenningaryfirvald tryggi að framleiðandinn uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628.
- 5) Í þeim tilgangi að tryggja að farið sé að ákvæðum 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 ætti framleiðandi hreyfla, sem viðurkenndir eru í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, röð breytinga 06, eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 05, að fara þess á leit við eitt eða fleiri viðurkenningaryfirvöld að þau hafi eftirlit með því að framleiðandinn standi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628.
- 6) Losunarmörk, almennar og tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir, sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 00, 01, 02, 03 og 04 ⁽³⁾, eru í samræmi við losunartakmörk mengandi efna í áföngum I, II, IIIA, IIIB og IV, sem sett eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB ⁽⁴⁾, og að því er varðar hreyfla til sérstakra nota sem falla undir gildissvið 5. og 6. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628. Því ætti að viðurkenna gerðarviðurkenningar, sem veittar eru í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 00, 01, 02, 03 og 04, sem jafngildar EB-gerðarviðurkenningum, sem veittar eru, og lögboðinni áletrun, sem krafist er fyrir áfanga I, II, IIIA, IIIB og IV í samræmi við tilskipun 97/68/EB, og ESB-gerðarviðurkenningum hreyfla til sérstakra nota sem veittar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/1628.
- 7) Til þess að unnt sé að auðkenna hreyfilinn með skýrum hætti og tryggja að farið sé að tilskildum stjórnsýsluákvæðum ætti gildandi samræmisýfirlýsing og viðbótaráletrun, í samræmi við 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, að fylgja hreyflum sem eru settir á markað í samræmi við gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 00, 01, 02, 03 og 04.
- 8) Kröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, skipta ekki máli út frá tæknilegu sjónarmiði að því er varðar frammistöðu hreyfla vegna losunar. Því er viðeigandi að ESB-gerðarviðurkenningar á gerð hreyfils eða hreyflahópi sem eru samþykktar í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/654, í þeirri útgáfu sem er í gildi 23. ágúst 2021, haldi gildi sínu.
- 9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/654 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/654

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/654 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við 20. gr. a:

„3. ESB gerðarviðurkenningar á gerð hreyfils eða hreyflahópi, sem eru samþykktar í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/654 fyrir 24. ágúst 2021, skulu halda gildi sínu.“

- 2) Ákvæðum I., IV., V. og XIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/654 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽³⁾ Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96 – Samræmd ákvæði um samþykkt þjöppukveikjuhreyfla sem ætlaðir eru til ísetningar í dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt og færanlegan vélbúnað til nota utan vega að því er varðar losun mengunarefna frá hreyflinum (Stjtið. ESB L 88, 22.3.2014, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., IV., V. og XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 2.6.2 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„2.6.2. Þegar viðurkenningaryfirvaldið telur að umsóknin sem lögð hefur verið fram eigi, að því er varðar stofnhreyfilinn sem valinn hefur verið, ekki fyllilega við um þann hreyflahóp sem skilgreindur er í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/656 getur viðurkenningaryfirvaldið valið og prófað annars konar viðmiðunarprófunarhreyfil og, ef þörf krefur, annan viðmiðunarprófunarhreyfil til viðbótar.“

2) Ákvæðum 1. viðbætis í IV. viðauka er breytt sem hér segir:


a) Í stað liðar 11.4.2.1.4 kemur eftirfarandi:

„11.4.2.1.4. Eftir að gildi á teljara hefur verið fest skal stilla hann aftur á núll þegar skynjaramir sem tengjast þeim teljara hafa lokið a.m.k. einni vöktunarlotu án þess að þeir hafi greint bilun og ef engin bilun sem tengist umræddum teljara hefur verið greind í a.m.k. 36 klukkustundir, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að gildi teljarans var síðast fryst (sjá mynd 4.4).“

b) Í stað myndar 4.4 kemur eftirfarandi:

„Mynd 4.4

Endurvirkjun og núllstilling teljara eftir að gildi hans hefur verið fest tímabundið




Þar sem „x“ er ekki minna en 36 notkunarstundir.“

c) Í stað myndar 4.6 kemur eftirfarandi:

„Mynd 4.6

Áfylling með hvarfmiðli í litlum gæðum




Þar sem „x“ er ekki minna en 36 notkunarstundir.“

d) Í stað myndar 4.7 kemur eftirfarandi:

„Mynd 4.7

Bilun í skömmtnarkerfi hvarfmiðils



Þar sem „x“ er ekki minna en 36 notkunarstundir.“

3) Í stað fimmtu málsgreinar 1. liðar í V. viðauka kemur eftirfarandi:

„Framleiðandinn getur farið fram á að tækniþjónustan undanþiggi vinnupunkta frá hverju sem er af þeim prófunarsvæðum sem skilgreind eru í 2. lið meðan á prófuninni, sem lýst er í 3. lið, stendur. Tækniþjónustan skal veita þessa undanþágu, að fengnu samþykki viðurkenningaryfirvaldsins, ef framleiðandinn getur sýnt fram á að hreyfillinn sé aldrei fær um að virka á slíkum punktum þegar hann er notaður í öllum samsetningum færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega.“

4) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar kemur eftirfarandi:

„2) gerðarviðurkenningar í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 (*), röð breytinga 06, þar sem tækniþjónusta staðfestir að gerð hreyfils uppfylli:

a) kröfurnar sem settar eru fram í 2. viðbæti IV. viðauka, þegar hreyfillinn er eingöngu ætlaður til notkunar í staðinn fyrir hreyfla í V. áfanga í flokkum IWP og IWA, í samræmi við b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 eða

b) kröfurnar sem settar eru fram í 1. viðbæti IV. viðauka fyrir hreyfla sem falla ekki undir a-lið

og þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að framleiðandinn standi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628.

(*) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 – Samræmd ákvæði um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppu-kveikjuhreyflum og rafkveikjuhreyflum til notkunar í ökutækjum (Stjtið. ESB L 171, 24.6.2013, bls. 1).“

ii. Eftirfarandi 3. undirlið er bætt við:

„3) gerðarviðurkenningar í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96 (**), röð breytinga 05, á hreyflahópum eða gerðum hreyfla í flokki NRE, eins og sett er fram í töflu I-1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að framleiðandi standi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628.

(**) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96 – Samræmd ákvæði um samþykkt hreyfla sem ætlaðir eru til ísetningar í dráttarvélur fyrir landbúnað og skógrækt og færanlegan vélbúnað til nota utan vega að því er varðar losun mengunarefna frá hreyflinum (Stjtið. ESB L 107, 17.4.2019, bls. 1).“

b) Eftirfarandi liðum 2– 4.1 er bætt við:

„2. Að því er varðar hreyflahópa eða gerðir hreyfla í flokkum NRG, NRSh, NRS, SMB og ATS skulu gerðarviðurkenningar í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 05, á hreyflum sem samsvara flokkum hreyfla, sem settir eru fram í töflum I-2, I-3 og I-4 og töflum I-9 til I-10 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 og, eftir atvikum, samsvarandi lögboðin áletrun, viðurkenndar sem jafngildar ESB-gerðarviðurkenningum, sem veittar eru, og lögboðinni áletrun sem krafist er í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/1628 þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að framleiðandinn standi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628.

3. Að því er varðar hreyfla til sérstakra nota, sem falla undir gildissvið 5. og 6. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, í flokki NRE með viðmiðunarafl sem er ekki minna en 19 kW og ekki meira en 560 kW, skulu gerðarviðurkenningar í áfanga IIIA, í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 02 (**), 03 (****) eða 04 (*****), á hreyflahópum eða gerðum hreyfla í flokki NRE, eins og sett er fram í töflu VI-1 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 og, eftir atvikum, samsvarandi lögboðinni áletrun viðurkenndar sem jafngildar ESB-gerðarviðurkenningum, sem veittar eru, og lögboðinni áletrun sem krafist er í samræmi við þá reglugerð.

3.1. Viðbótarkröfur:

Hreyflar, sem byggjast á gerðarviðurkenningu sem samþykkt er sem jafngild ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við 3. lið, skulu uppfylla kröfurnar í XII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/654.

4. Að því er varðar eftirfarandi losunaráfanga skulu gerðarviðurkenningar á grundvelli reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu á hreyflahópum eða gerðum hreyfla sem tilheyra flokkunum sem taldir eru upp hér á eftir og, eftir atvikum, samsvarandi lögboðin áletrun viðurkenndar sem jafngildar ESB-gerðarviðurkenningum, sem veittar eru, og lögboðinni áletrun sem krafist er samkvæmt tilskipun 97/68/EB í samræmi við umbreytingarákvæðin sem sett eru fram í 58. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628:

1) IV. áfangi: gerðarviðurkenningar hreyfla sem tilheyra flokkum Q og R eins og sett er fram í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 04.

2) Áfangi IIIB: gerðarviðurkenningar hreyfla sem tilheyra flokkum L, M, N og P eins og sett er fram í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 03 eða 04.

- 3) Áfangi IIIA: gerðarviðurkenningar hreyfla sem tilheyra flokkum H, I, J og K eins og sett er fram í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 02, 03 eða 04.
- 4) II. áfangi: gerðarviðurkenningar hreyfla sem tilheyra flokkum D, E, F og G eins og sett er fram í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 01 (*****), 02, 03 eða 04.
- 5) I. áfangi: gerðarviðurkenningar hreyfla sem tilheyra flokkum A, B og C eins og sett er fram í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, röð breytinga 00 (*****).

4.1. Viðbótarkröfur

Hreyflum, sem byggjast á gerðarviðurkenningu sem samþykkt er sem jafngild ESB-gerðarviðurkenningunni í samræmi við 4. lið, skal fylgja samræmisýfirlýsing og viðbótarupplýsingar í lögboðnu áletruninni eins og krafist er í 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 og eins og sett er fram í II. og III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/656.

(***) Röð breytinga 02 hefur ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB.

(****) Röð breytinga 03 hefur ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB.

(*****) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu þjöppukveikjuhreyfla sem ætlaðir eru til ísetningar í dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt og færanlegan vélbúnað til nota utan vega að því er varðar losun mengunarefna frá hreyflinum (Stjtið. ESB L 88, 22.3.2014, bls. 1).

(*****) Röð breytinga 01 hefur ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB.

(*****) Röð breytinga 00 hefur ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB.“